



TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

ÁRSSKÝRSLA 2003

Stjórnsýslusvið
Júlí 2004

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Innheimtusvið	4
Tollheimtusvið.....	5
Tollgæslusvið.....	5
Stjórnsýslusvið.....	7
Innri endurskoðun	8
Helstu lykiltölur	10
Árangursmælingar	12
Rekstrar- og efnahagsreikningur	13

Inngangur

Tollstjórinn í Reykjavík hefur nú tveggja ára reynslu af samhæfðu árangursmati þar sem lögð er áhersla á að skoða starfsemina út frá fjórum víddum, þ.e. þjónusta, fjármál, innra starf og starfsmenn. Sé horft á þjónustuviðina má embættið vel við una þar sem hlutfall ánægðra inn-og útflutningsaðila með þjónustu tollstjóra er hátt. Spurt var m.a. um virkni verkferla, upplýsingaflæði og símamál. Hvað varðar fjármál þá er rekstraniðurstaða ársins 2003 jákvæð um 12 milljónir króna. Sé horft á innra starf kemur í ljós að verkferlamælingar eru farnar að leiða til umbótastarfs. Á síðari hluta ársins var stofnsett sérstakt starfsmannasvið með það að markmiði að styrkja starfsmannamál embættisins.

Árið 2003 var í marga staði viðburðarríkt fyrir tollstjóraembættið. Aukin tíðni hryðjuverka í heiminum hafa áhrif á starfsemi tollefirlits hér á landi ekki síður en í öðrum ríkjum. Þetta hefur m.a. leitt til aukinnar áherslu á áhættugreiningu og farmvernd. Einnig hefur samstarf tollefirlits við skipa- og innflutningsfélög verið stóraukið á árinu. Ljóst er að á komandi árum mun embættið þurfa að vera vakandi fyrir þeim hættum sem að steðja og þróa enn frekari samvinnu við erlend tollstjóraembætti.

Í árskýrslu fyrir árið 2003 er fjallað um helstu verkefni einstakra sviða embættisins. Einnig eru birtar lykiltölur í rekstri, samantekt á niðurstöðum árangursmælinga og yfirlit rekrar- og efnahagsreiknings ársins 2003.

Hlutverk tollstjórans í Reykjavík er:

- að sjá um álagningu og innheimtu tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu. Að annast eftirlit með innflutningi, umflutningi og útflutningi á vörum til og frá landinu og ferðum og flutningi fara og fólks. Að annast eftirlit með flutningi ótollafgreiddra vara innanlands.
- að sjá um innheimtu ýmissa annarra tekna ríkissjóðs í umdæmi sínu og hafa eftirlit með innheimtu tekna ríkissjóðs sem fram fer hjá öðrum innheimtumönnum í landinu. Gegna ákveðnu leiðbeiningar- og samræmingarhlutverki að því er innheimtumál varðar.

- að hafa forystu um mótun skilvirkrar stefnu fyrir tollframkvæmdina, veita öðrum stjórnvöldum aðstoð á sviði tollamála, hafa eftirlit með störfum tollstjóra utan Reykjavíkur og gæta þess að samræmi sé í störfum þeirra og ákvörðunum og að tollframkvæmdin sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðrar reglur.
- að setja tollstjórum og tollstarfsmönnum starfs- og verklagsreglur og annast leiðbeiningar, ráðgjöf og upplýsingamiðlun til þeirra. Taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði tollamála, ákveða og annast gerð eyðublaða, annast menntunarmál tollstarfsmanna og reka og þróa sameiginlegt tölvukerfi tollembættanna.

Innheimtusvið

Innheimtusvið annast innheimtu opinberra gjalda og veitir upplýsingar og þjónustu þar að lútandi. Auk þess gefur sviðið út verklagsreglur, veitir leiðbeiningar og sinnir eftirliti með innheimtumönnum ríkissjóðs.

Innheimta á þing- og sveitasjóðsgjöldum hefur lækkað síðustu árin. Til að greina ástæður þessa var unnin skýrsla um innheimtu opinberra gjalda hjá lögaðilum. Sýndi skýrslan að veruleg aukning hefur orðið á stofnun einkahlutafélaga og skýrir sú þróun að hluta til minnkandi innheimtuárangur. Til stendur að gera sambærilega skýrslu fyrir innheimtu hjá einstaklingum. Innheimtuárangur í öðrum gjöldum hefur haldist svipaður og árið áður.

Aðfarabeidnum fjölgaði milli árana 2002 til 2003. Afskriftarvinnsla fór vel af stað fyrrihluta ársins 2003 og fram á vor. Átaksverkefni var þá um leið í gangi við að hreinsa út fyrndar kröfur og ónýtar hjá einstaklingum. Á árinu var unnið að gerð verklagsreglna um eftirlit með innheimtu hjá innheimtumönnum. Er það eitt af þeim verkefnum sem tilheyrir tollstjóranum í Reykjavík. Áætlað er að eftirlit með innheimtu hefjist á árinu 2004.

Þjónusta við viðskiptavinum var aukin með því að bæta við nýjum þjónustufulltrúa á sviðinu haustið 2003 og eru þeir orðnir þrír. Þjónustufulltrúar sjá um að gera greiðsluáætlanir fyrir viðskiptavinum og leiðbeina þeim varðandi skattamál. Hefur sú þjónusta færst verulega

í vöxt síðustu misserin, þetta aukna þjónustustig hefur leitt til þess að þjónustubiðtími viðskiptavina hefur minnkað.

Tollheimtusvið

Hlutverk tollheimtusviðs er einkum að annast tollafgreiðslur vörusendinga í umdæminu, álagningu og innheimtu tolla og annarra aðflutningsgjalda, upplýsingamiðlun varðandi tollamál og samræmingu tollheimtu á landsvísu.

Á árinu var starfsemi framlínu tollheimtusviðs endurskipulögð. Móttakan sem heyrir undir þjónustu- og lögfræðideild var áður skipuð einum starfsmanni í sérafgreiðslum, tveimur í móttöku tollskjala og tveimur þjónustufulltrúum. Starfstöð þjónustufulltrúa var færð baksviðs og starfsmenn í móttöku tollskjala færðir í afgreiðslu. Þetta var gert til að mæta þeirri þróun að sífellt færri leita upplýsinga með komu í móttöku á starfstöð en fleiri óska upplýsinga símleiðis eða með tölvupósti. Með þessu móti geta þjónustufulltrúar betur sinnt viðskiptavinum í síma og starfskraftar móttöku tollskjala nýtast einnig betur. Starfsmenn móttöku tollskjala leysa úr fyrirspurnum viðskiptavina sjálfir, en leita aðstoðar þjónustufulltrúa eða sérfræðinga þegar við á.

Unnið var að nýjum leiðbeiningum um upprunamál í handbók um tollheimtumál. Margir starfsmenn embættisins komu að verkinu. Leiðbeiningarnar voru sendar til allra tollstjóra á landsbyggðinni og til starfsmanna tollstjórans í Reykjavík sem á þurfa að halda. Gefnar voru út 13 tilkynningar til tollstjóra á landsbyggðinni en í þeim felast upplýsingar um allar laga- og reglugerðarbreytingar er tengjast tollamálum. Auk þess voru gefnar út 8 tilkynningar til innflytjanda sem birtar voru á heimasíðu tollstjóra.

Tollgæslusvið

Hlutverk tollgæslusviðs er einkum að fara með tollgæsluvald í tollamálum, hafa eftirlit með inn-og útflutningi í umdæminu og samræma tollgæslu á landsvísu

Upplýsinga- og áhættugreiningardeild

Starfsemi upplýsinga- og áhættugreiningardeildar var með nokkuð reglubundnum hætti árið 2003. Á árinu fékk deildin 2.424 fyrirspurnir um einstaklinga og fyrirtæki frá tollgæslu og lögreglu. Í samvinnu við tollgæsluna á Seyðisfirði voru allir farþegalistar og bílalistar áhættugreindir fyrir komu Norrönu til landsins.

Afgreiðslu og vöruskoðunardeild

Fyrri hluta árs 2003 var unnið að skiptingu verkefna og starfsmanna milli vöruskoðunardeildar og eftirlitsdeildar. Póstur var færður undir vöruskoðunardeild og skipavakt undir eftirlitsdeild og öðrum starfsmönnum skipt milli deilda.

Alls voru skoðaðar um 5.720 sendingar í vöruskoðun, þar af fengu 976 sendingar athugasemd eða 17,06%. Samtals voru 783 sendingar afgreiddar á neyðarleyfi. Sendir voru út reikningar vegna útseldrar vinnu samtals að upphæð kr. 18.857.368,00

Mikið var af förgunum á árinu, sérstaklega voru það afgreiðslur af frísvæði og þá aðallega áfengi. Sendingar í tollpósti sem teknar voru til tollmeðferðar voru 142.560, af þessum sendingum voru 77.180 sendingar skannaðar. Til skoðunar voru teknar 11.810 sendingar.

Eftirlitsdeild

Í maí var gengið frá nýju skipulagi Eftirlitsdeildar. Skipavakt var færð undir Eftirlitsdeild en Tollpóstur undir Vöruskoðunardeild.

Eftirlitsdeildin fékk nýjan fíkniefnaleitarhund til landsins í júní.

Norskur hundþjálfari kom til landsins og hélt námskeið fyrir hundþjálfara embættisins ásamt hundþjálfurum á Keflavíkflugvelli.

Á árinu voru aðkomuafgreiðslur skipa 544 Þar af var fjöldi skemmtiferðaskipa 49.

Aðkomuafgreiðslur flugvéla í Reykjavík voru samtals 2.094.

Tollverðir úr Eftirlitsdeild fóru 32 ferðir í verkefni utan Reykjavíkur, þar af fóru tollverðir með leitarhund í 17 ferðir til Seyðisfjarðar vegna ferjunnar Norrönu.

Rannsóknardeild

Starfsemi rannsóknardeildarinnar var með hefðbundnu sniði á árinu 2003. Fjöldi skýrslna tollvarða var 183. Fjöldi mála sem lauk með sektargerð var 108 og innheimtar sektargreiðslur voru 4.476.300.

Forvarnarstarf

Árið 2003 var fimmta árið í röð sem embættið hefur haldið úti forvarnarstarfi meðal fermingarbarna á landinu. Þann 26. nóvember var undirritaður samstarfssamningur biskupsstofu og tollstjórans í Reykjavík um forvarnarstarf meðal fermingarbarna. Á árinu gaf embættið út margmiðlunardisk með fræðsluefni um skaðsemi fíkniefna auk ýmiskonar fróðleiks um heilbriggt líferni, umfjöllun um störf tollgæslunnar, leitarhunda ofl. sem dreift var í forvarnarfræðslunni. Munu u.þ.b. 5000 börn hafa fengið disk þennan afhentan. Á árinu voru í forvarnarstarfinu haldnir alls 74 fyrirlestrar sem um 3.000 börn og 700 foreldra sóttu.

Stjórnsýslusvið

Stjórnsýslusvið sér um fjármál embættisins hvað varðar gerð rekstraráætlunar, og eftirfylgni vegna hennar gagnvart einstökum rekstrarþáttum, fjárlagatillögur, bókhald og önnur fjármál varðandi innkaup, kostnaðareftirlit og greiðslu reikninga. Sviðið sér um rekstur og uppbyggingu tollakerfisins, önnur tölvu- og tæknimál svo og þjónustu þeim tengdum, ásamt öðrum almennum rekstrarmálum.

Fjármál

Árin 2002 og 2003 var stefnt að jákvæðri rekstrarniðurstöðu embættisins til að vinna upp halla frá árinu 2001. Bæði árin hefur þetta tekist. Um 12 milljónir króna millifærast frá 2003 yfir á árið 2004 sem er verulega betri árangur en gert var ráð fyrir. Virkt aðhald er í rekstrarmálum og innkaupaáætlunum, mánaðarlega er farið yfir rekstrarlega stöðu hvers sviðs í samræmi við verklagsreglur í tengslum við stefnumiðað árangurskort embættisins. Öll svið embættisins reyndust innan settra vikmarka. Verklagsreglur voru settar varðandi uppgjör gjaldkera embættisins til að stuðla að auknu öryggi í meðferð fjármuna.

Tölvu og tæknimál

Eitt stærsta verkefni TTU (deild tölvukerfa tollafgreiðslu og upplýsingavinnslu) á árinu var þáttaka í samvinnuverkefni um rafræn skírteini sem fjármálaráðuneytið ásamt nokkrum stofnunum gangsetti á árinu. Var í þessu verkefni að miklu leiti stuðst við uppbyggingu og reynslu sem var fyrir hendi hjá TTU vegna innleiðingar á VEF-tollafgreiðslu. Tekin var sú ákvörðun að tollstjóri yrði útgáfuaðili sameiginlegra rafrænna

skírteina fyrir stjórnsýsluna og var því komið í framkvæmd. Útgefin hafa verið 596 skírteini á árinu. Að öðru leiti sinnti deildin hefðbundnum verkefnum á árinu vegna viðhalds og nýmæla í tölvukerfum tollafgreiðslu en 40 laga eða reglugerðarbreytingar voru á árinu sem höfðu áhrif á virkni tölvukerfisins með einum eða öðrum hætti. Fjöldi fyrirtækja með heimild til rafrænnar tollafgreiðslu var 1065 um áramótin og jókst um 8% frá fyrra ári. Á árinu voru keyptar 29 útstöðvar eða fartölvur, 14 prentarar fyrir utan önnur tæki.

Útgáfumál vefsetur

Starfshópur með fulltrúum allra sviða vann að því á árinu að endurnýja heimasíðu embættisins sem á að verða með fjölbreyttari upplýsingum og aðgengilegri en núverandi vefsíða

Starfsmannamál

Fjöldi greiddra mannmánaða var 2182 á árinu og var það um fækkun um 58 mannmánuði frá síðasta ári eða ígildi 4,9 stöðugilda. Starfsmannavelta var 4% sem er svipað og á árinu á undan. Gerðar voru reglur til að styrkja ráðningarferli og um móttöku nýliða.

Fræðslumál

Fyrri hluti tollskóla var haldinn samkvæmt reglugerð og luku 10 nemendur því námi. 195 starfsmenn komu á ýmis námskeið á árinu m.a. í tölvunotkun og lífsleikni. Sex námskeið voru haldin fyrir inn- og útflytjendur á árin með 62 þáttakendum alls.

Starfsmannasvið

Í samræmi við endurskoðun á stefnu embættisins sem átti sér stað árið 2002 voru starfsmannamál sett undir sérstakt svið, *Starfsmannasvið*, síðla árs 2003.

Innri Endurskoðun

Innri endurskoðun gerir úttektir á starfseminni til að kanna hvort hún sé í samræmi við lög og önnur fyrirmæli, hvort áhættustýring og innra eftirlit sé fullnægjandi, hvort verklagsreglur séu fullnægjandi og hvort upplýsingakerfi og öryggi þeirra séu í góðu horfi og á almennt að vera til ráðuneytis um hvaðeina sem horft getur til aukins árangurs, hagkvæmni eða gæða í starfseminni.

Á árinu 2003 var lokið verkefnum sem fólust í athugun á sjóðum gjaldkera á Tollstjóráskrifstofu; að taka saman almennt yfirlit um grundvallarþætti varðandi öryggi upplýsingakerfa og að gera úttekt á skörun verkefna tollheimtusviðs og tollgæslusviðs embættisins. Ennfremur var hafist handa við úttekt á eftirliti með útflutningi sjávarafurða með tilliti til fríverslunar og úttekt á eftirliti með rafrænum tollafgreiðslum.

Að öðru leyti fólst starfsemi innri endurskoðunar í að fara yfir margvísleg gögn og upplýsingar sem varða málefni innri endurskoðunar og í vinnu að ýmsum athugunum sem ekki verða séðar fyrir. Verkefni þessi koma fram í starfslýsingu fyrir innri endurskoðun. Ýmsar leiðbeiningar eða umsagnir voru veittar og ábendingum komið á framfæri við stjórnendur. Starfsmenn innri endurskoðunar sóttu og einnig ýmsa fundi, ráðstefnur, málþing og námskeið á árinu 2003 m.a. stofnfund Félags um innri endurskoðun og þeir gerðust félagar í alþjóðlegum samtökum um innri endurskoðun.

Tollstjórinn í Reykjavík: Helstu lykiltölur	2001	2002	2003
Fjármál:			
Heildarráðstöfunarfé tollstjórans í Reykjavík, fjárveitingar og millifærslur frá fyrra ári	837.743.000	849.532.835	908.726.000
Heildarrekstrarkostnaður tollstjórans í Reykjavík	876.276.169	859.706.130	896.463.853
Tekjuafgangur (rekstrarhalli) millifærður til næsta árs	(38.533.165)	(10.173.295)	12.262.979
Heildarinnheimta tollstjóra (greitt hjá tollstjóra)	63.869.640.051	64.945.196.335	63.995.172.946
Innheimt í tollakerfi (staðgreitt)	8.244.932.948	5.847.242.145	6.430.540.414
Heildarálagning í tollakerfi (brúttó)	84.801.188.666	79.414.217.465	84.444.087.822
Heildarálagning í tollakerfi (nettó- up frádr.)	66.713.943.524	57.499.419.371	68.171.319.331
Tölvu og tæknimál:			
Hlutfall rafrænna tollafgreiðslna, innflutningur (fyrirtæki og einstaklingar.)	83%	91%	92%
Hlutfall rafrænna tollafgreiðslna, útflutningur (fyrirtæki og einstaklingar)	56%	80%	84%
Fjöldi heimsóknna á heimasíðu	61.965	101.757	137.817
Tollafgreiðsla og eftirlit			
Fjöldi innlagðra tollskjala í innflutningi	295.433	236.713	245.78
Almennar sendingar á pappír	17.263	7.879	7.248
SMT sendingar	230.941	136.14	150.554
Vef sendingar	5.855	14.715	13.915
ET sendingar	9.764	3.109	2.394
Bráðabirgðaafgreiðslur	8.154	5.309	5.098
E8 o.fl.	11.025	13.535	11.83
Hraðsendingar í SMT/VEF	99.611	53.473	52.761
Hraðsendingar á pappír	12.431	2.552	6.359
Fjöldi fyrirtækja í SMT/VEF í Reykjavík í innflutningi	232/201	251/241	257/267
Komur skipa	600	593	581
Brottfarir skipa	243	252	224
Komur flugvéla	1611	1425	1579
Brottfarir flugvéla	620	494	515
Gámaflutningar í gámaeiningum til Reykjavíkurhafnar	97.814	96.484	
Gámaflutningar í gámaeiningum frá Reykjavíkurhöfn	97.450	93.682	

Helstu lykiltölur frh.	2001	2002	2003
Vöruflutningar til Reykjavíkur í tonnum	672.478	526.874	
Fjöldi fyrirlestra vegna forvarnarstarfs í fíkniefnamálum	45	68	74
Fjöldi barna sem sóttu fyrirlestra	3200	4500	3000
Fjöldi foreldra sem sóttu fyrirlestra	800	2000	700
Innheimta skatta og gjalda			
Tveggja mánaða innheimtubréf		55.595	49.839
Símtölum svarað	64.654	78.887	93.973
Fjöldi innhringinga sem ekki var svarað	15.099	22.187	15.902
Sendar fjárnámsbeiðnir	8.431	4.159	9.566
Heildarfjöldi nauðungarsölubeiðna	2.597		3.300
Gjaldprotaskiptabeiðnir	437	525	439
Fjöldi afklippinga á bílum vegna gjalda	245	105	168
Fjöldi aðila á lokunarlista	416	246	346
Fjöldi fyrirtækja þar sem rekstur var stöðvaður tímabundið	102	62	54
Fjöldi formlegra svaraða erinda	272	324	217

Helstu niðurstöður árangursmælinga

MEGINMARKMIÐ

NIÐURSTÖÐUR 2003

Þjónusta	<ul style="list-style-type: none"> • Góð þjónusta og samskipti • Hagkvæm og árangursrík tollheimta • Hagkvæm og árangursrík innheimta skatta og gjalda • Hagkvæm og árangursrík tollgæsla 	<ul style="list-style-type: none"> - Hlutfall ánægðra inn-og útflutningsaðila með þjónustu tollstjóra er 84.5% sem verður að teljast mjög gott. Spurt var m.a. um skilvirkni hinna ýmsu verkferla, upplýsingaflæði og símamál. - Varðandi samræmingarhlutverk sitt gagnvart öðrum tollstjórum og innheimtumönnum á landsbyggðinni sýndu niðurstöður viðhorfskönnunar að embættið þarf að bæta sig. - Þjónustustig á innheimtu- og tollheimtusviðum var bætt - Aukin áhersla hefur verið á forvarnir og áhættugreiningu innan tollgæslu - Árangur af innheimtu hefur minnkað, greining leiddi í ljós að skýringa er m.a. að leita í aukningu á einkahlutafélögum - Hagkvæmni hefur leitt til þess að stöðugildum hefur fækkað um 4,9 milli ára 2002-2003
Fjármál	<ul style="list-style-type: none"> • Fjármál Tollstjórans í Reykjavík innan ramma • Fjármál sviða innan ramma • Góð nýting fjármuna 	<ul style="list-style-type: none"> - Markmið rekstraráætlunar ársins 2003 var að skila jákvæðri niðurstöðu og var hún jákvæð um 12 milljónir sem var betri árangur en gert var ráð fyrir. - Öll svið embættisins reyndust innan settra vikmarka.
Innra starf	<ul style="list-style-type: none"> • Gæði innra starfs • Skilvirkir þjónustu-og verkferlar • Góð upplýsingamiðlun 	<ul style="list-style-type: none"> - Í innra starfi er embættið markvisst að bæta sig. - Mikil vinna hefur verið lögð í skilgreiningu á verkferlum á hinum ýmsu sviðum. - Verkferlamælingar hafa gefið tilefni til endurskoðunar á starfsemi og hafa leitt til bættra vinnubragða. - Á næstu árum er fyrirhuguð vinna við að teikna upp og kerfa alla meginverkferla hjá embættinu. - Rafræn upplýsingamiðlun er í stöðugri þróun
Starfsmenn	<ul style="list-style-type: none"> • Starfsánægja • Símenntun og starfsþróun • Stöðugleiki í starfsmannahaldi 	<ul style="list-style-type: none"> - Gerð var viðhorfskönnun meðal starfsmanna í lok ársins 2003. - Í heildina má segja að embættið hafi komið þokkalega út. - Ýmsar ábendingar komu frá starfsmönnum um hvað mætti betur fara í starfsmannamálum og í kjölfarið hafa verið sett af stað ýmis umbótaverkefni. - Á síðari hluta ársins 2003 var stofnsett sérstakt starfsmannasvið með það að markmiði að styrkja starfsmannamál embættisins - Starfsmannavelta var lítil eða um 4% - 195 starfsmenn sóttu ýmis námskeið

Rekstrarreikningur árið 2003

Tekjur:	2003	2002
Þjónustutekjur.....	<u>40.189.464</u>	<u>47.941.525</u>
Tekjur alls	<u>40.189.464</u>	<u>47.941.525</u>
 Gjöld:		
Launagjöld.....	644.744.368	634.656.922
Ferðir, námskeið og akstur.....	16.562.484	18.154.399
Rekstrarvörur og risna.....	20.791.041	33.901.679
Aðkeypt þjónusta.....	152.429.459	130.555.769
Sími og afnotagjöld af skrá.....	13.793.887	14.825.645
Húsnæðiskostnaður.....	73.653.425	67.383.332
Framlag til félags starfsmanna.....	<u>1.000.000</u>	<u>1.000.000</u>
Rekstrargjöld samtals	922.974.664	900.477.746
Eignakaup	<u>13.695.352</u>	<u>7.169.909</u>
Gjöld alls	<u>936.670.016</u>	<u>907.647.655</u>
 Tekjuafgangur (halli) án ríkisframlags	 896.480.552	 (859.706.130)
Ríkisframlag.....	<u>919.100.000</u>	<u>888.066.000</u>
 Tekjuafgangur (halli)	 <u>22.619.448</u>	 <u>28.359.870</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2003

	2003	2002
Eignir:		
Veltufjármunir:		
Inneign hjá ríkissjóði.....	12.315.997	0
Skammtímakröfur aðrar.....	337.417.191	319.057.217
Handbært fé.....	<u>597.148.288</u>	<u>237.493.455</u>
Veltufjármunir samtals	<u>946.881.476</u>	<u>556.550.672</u>
Eignir alls	<u><u>946.881.476</u></u>	<u><u>556.550.672</u></u>
Skuldir og eigið fé:		
Eigið fé:		
Höfuðstóll í ársbyrjun.....	(10.373.161)	-38.533.031
Tekjuafgangur(halli) á árinu.....	<u>22.619.448</u>	<u>28.359.870</u>
Eigið fé í árslok samtals	<u>12.246.287</u>	<u>(10.373.161)</u>
Skuldir:		
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikning.....	31.514.676	0
Skuld við ríkissjóð.....	0	10.173.161
Aðrar skammtímaskuldir.....	<u>904.451.576</u>	<u>556.550.672</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>935.966.252</u>	<u>566.723.833</u>
Skuldir samtals	<u>935.966.252</u>	<u>566.723.833</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u><u>948.212.539</u></u>	<u><u>556.550.672</u></u>

Sjóðstreymi árið 2003

	2003	2002
Handbært fé frá rekstri:		
Veltufé frá rekstri:		
Tekjuafgangur (halli).....	<u>22.619.448</u>	<u>28.359.870</u>
	<u>22.619.448</u>	<u>28.359.870</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur (hækkun)	(18.359.974)	2.271.300.976
Viðskiptaskuldir (lækkun)	<u>379.415.580</u>	<u>(2.179.882.113)</u>
	<u>383.675.054</u>	<u>91.418.863</u>
Handbært fé frá rekstri	383.675.054	119.778.733
Fjármögnunarhreyfingar		
Breyting á stöðu við ríkissjóð:		
Framlag ríkissjóðs.....	(919.100.000)	(888.066.000)
Greitt úr ríkissjóði.....	<u>896.410.842</u>	<u>859.706.130</u>
	<u>(22.689.158)</u>	<u>28.359.870</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	359.654.833	91.418.863
Handbært fé í ársbyrjun.....	<u>237.493.455</u>	<u>146.074.592</u>
Handbært fé í árslok	<u><u>597.148.288</u></u>	<u><u>237.493.455</u></u>

Rekstrar og efnahagsreikningur þessi er óendurskoðaður af ríkisendurskoðun og er samkvæmt bráðabirgðauppgjöri fjársýslunnar í BÁR 14.7.2004